

ar, Útvegsmannafélags Austfjarða, Útvegsmannafélags Hornafjarðar og Djúpavogs og Útvegsmannafélags Vestmannaeyja, á að vera sýkn af kröfum stefnanda, Farmanna- og fiskimannasambands Íslands vegna Vélstjórafélags Íslands og Mótörvélstjórafélags Íslands, í máli þessu.

Hvor aðilja greiði sinn kostnað af málinu.

Föstudaginn 7. febrúar 1969.

Nr. 1/1969. **Landssamband íslenzkra útvegsmanna vegna
Útvegsmannafélags Þorlákshafnar**
(Hafsteinn Baldvinsson hrl.)
gegn
**Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands
f. h. Vélstjórafélags Íslands**
(Gunnar Jónsson hrl.).

Dómarar:

Hákon Guðmundsson, Gunnlaugur E. Briem, Einar Arnalds,
Einar B. Guðmundsson og Ragnar Ólafsson.

Verkfall dæmt ólögætt. Sektor dæmdur og bótaskylda viðurkennd.

Dómur.

Mál þetta er höfðað hér fyrir dómi með stefnu, útgefinni 28. f. m., af Landssambandi íslenzkra útvegsmanna vegna Útvegsmannafélags Þorlákshafnar gegn Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands f. h. Vélstjórafélags Íslands út af ágreiningi um lögmæti verkfalls, sem hófst af hálfu Vélstjórafélags Íslands á bátum félagsmanna í Útvegsmannafélagi Þorlákshafnar hinn 16. janúar s.l.

Dómkröfur stefnanda eru þessar:

1. Að dæmt verði, að nefnt verkfall sé ólögætt.
2. Að stefndi verði dæmdur til greiðslu sektar.

3. Að dæmt verði, að stefndi sé bótaskyldur gagnvart félagsmönnum stefnanda vegna ólögðs verkfalls og
4. Að stefnda verði dæmt að greiða stefnanda málskostnað að skaðlausu eftir mati dómsins.

Stefndi krefst sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans eftir mati dómsins.

Málavextir eru þessir:

Með bréfi, dags. 31. október f. á., sagði Farmanna- og fiskimannasamband Íslands vegna nokkurra tiltekinna aðildarfélaga sinna, þar á meðal Vélstjórafélags Íslands, upp þágildandi kaup- og kjarasamningum við Landssamband íslenskra útvegsmanna, en aðalkjarasamningar nefndra aðilja voru frá 29. desember 1963 með nokkrum breytingum frá 26. febrúar 1965 og 4. júlí 1968. Miðaðist uppsögnin við 1. janúar 1969 samkvæmt uppsagnarákvæðum kjarasamninganna.

Þegar kjarasamningarnir frá 29. desember 1963 gengu í gildi, hafði Útvegsmannafélag Þorlákshafnar eigi enn séð dagsins ljós. Það var ekki stofnað fyrr en í janúar 1965. Gekk það þá strax í L.Í.Ú. og undirritar meðal annarra útvegsmannafélaga áður nefndar kjarasamningabreytingar frá 26. febrúar 1965. Hins vegar sést ekki, að það hafi verið beinn aðili að breytingu þeirri, er samið var um 4. júlí 1968. Segir stefnandi, að það hafi m. a. stafað af því, að þá hafi einungis verið gerðar breytingar á sildveiðisamningi aðilja, en útvegsmenn í Þorlákshöfn hafi eigi gert út á sild s.l. sumar. Er þessa getið vegna þess, að stefndi hefur öðrum þræði haldið því fram í máli þessu, að ekki verði með fullri vissu sagt, að Útvegsmannafélag Þorlákshafnar hafi verið aðili að framangreindum kjarasamningum. En hvað sem þessu líður, þá skiptir það eigi máli við úrlausn þess ágreiningsfenis, sem hér er leitað dóms um, því að stefnandi ber ekki fyrir sig í þessu máli, að áðurgreind uppsögn stefnda 31. október s.l. hafi eigi tekið til Útvegsmannafélags Þorlákshafnar að því er varðar vélstjóra þá, er voru félagsmenn stefnda og unnu á Þorlákshafnarbátunum.

Hinn 8. janúar s.l., eða viku eftir að kjarasamningar málsaðilja runnu út vegna framangreindrar uppsagnar, tilkynnti

Véltjórafélag Íslands, að það myndi hefja verkfall og ritaði Landssambandi íslenzkra útvegsmanna af því tilefni svohljóðandi bréf:

„Landssamband ísl. útvegsmanna,
Hafnarhvoli, Reykjavík.

Hér með tilkynnir stjórn Véltjórafélags Íslands, Landsambandi ísl. útvegsmanna v/Útvegsmannafél. Reykjavíkur, Útvegsm.fél. Hafnarfjarðar, Útvegsm.fél. Snæfellsness, Útvegsm.fél. Eyjafjarðar, Útvegsm.fél. Austfjarða, Útvegsm.fél. Hornafjarðar og Djúpavogs, Útvegsm.fél. Vestmannaeyja og Útvegsm.fél. Akraness, að á fundi trúnaðarmannaráðs og stjórnar félagsins, sem haldinn var 7. jan. 1969, var ákveðið að hefja verkfall allra meðlima félagsins á fiskiskipum, sem gerð eru út af nefndum útvegsmannafélögum, frá og með miðnætti aðfaranótt 16. jan. 1969.

Virðingarfyllst,

f. h. Véltjórafélags Íslands“.

Hófu véltjórar samkvæmt þessu verkfall frá og með miðnætti aðfaranótt 16. janúar s.l. Náði verkfall þetta einnig til báta félagsmanna í Útvegsmannafélagi Þorlákshafnar.

Hinn 21. janúar s.l. mótmælti stefnandi lögmati verkfalls véltjórana á Þorlákshafnarbátunum með svohljóðandi bréfi:

„Verkfallsnefnd F.F.S.Í.

v/ skipstjórafélaga innan F.F.S.Í. og

Véltjórafélags Íslands,

Öldugötu 15, Reykjavík.

F. h. Útvegsmannafélags Þorlákshafnar leyfum vér oss að mótmæla því, að verkfall það, sem nú er hafið af yðar hlutan hjá meðlimum yðar í Þorlákshöfn sé löglegt, þar sem engin verkfallsboðun hefur átt sér stað við Útvegsmannafélag Þorlákshafnar eða oss fyrir hönd félagsins.

Er þess krafizt, að hinu ólöglega verkfalli verði nú þegar aflétt og eigi síðar en kl. 24.00 í kvöld. Að öðrum kosti munum vér lýsa yður ábyrga fyrir öllu því tjóni, sem af hinu ólöglega verkfalli hlýzt og hefur þegar hlotizt.

Svar óskast sent samninganefnd L.Í.Ú., sem stödd verður á samningafundi í Alþingishúsinu í kvöld.

Virðingarfyllst,
f. h. Útvegsmannafélags Þorlákshafnar,
Landssamband isl. útvegsmanna“.

Þessu var samdægurs svarað af hálfu stefnda með eftirfarandi bréfi:

„Landssamband islenzkra útvegsmanna,
Reykjavík.

Vér höfum móttengið heiðrað bréf yðar frá í dag, þar sem þér vefengið að vinnustöðvun vor í Þorlákshöfn sé lögleg.

Vér tökum fram, að nægjanlegt er samkvæmt vinnulög-gjöfinni að tilkynna heildarsamtökum útvegsmanna vinnu-stöðvun hjá félögum innan þeirra samtaka, og það höfum vér þegar gert.

Vinnustöðvuninni verður því ekki aflýst, fyrr en samn-ingar nást milli aðila og að gefnu tilefni tilkynnist yður, að vér gerum yður ábyrga, ef þér á nokkurn hátt reynið að fá félaga yðar til að brjóta niður vinnustöðvun vora, sem ein-göngu er gerð til að reyna að ná viðunandi kjörum félaga vorra.

Virðingarfyllst,
f. h. verkfallsnefndar F.F.S.Í.“.

Hélt verkfall vélstjóra í Þorlákshöfn samkvæmt þessu áfram og stendur enn við svo búið.

Stefnandi byggir dómkröfur sínar í máli þessu á því, að samkvæmt 16. gr. laga nr. 80/1938 beri að tilkynna verk-fall þeim aðila, sem það heinist gegn, með 7 sólarhringa fyrir-vara. Þessu ákvæði hafi Vélstjórafélag Íslands ekki fullnægt. Í bréfi félagsins 8. janúar s.l. séu tilgreind sérstaklega nokk-ur útvegsmannafélög, sem séu félagsaðiljar í L.Í.Ú., og sé verkfallsboðun vélstjórafélagsins aðeins gild gagnvart þeim. Útvegsmannafélag Þorlákshafnar sé hins vegar ekki með í þeirri upptalningu og það félag hafi eigi heldur fengið sér-staka tilkynningu um að hefja eigi verkfall hjá því. Hafi Vélstjórafélag Íslands þannig eigi fullnægt lögmæltum skil-yrðum til þess að hefja verkfall hjá félagsmönnum Útvegsmannafélags Þorlákshafnar hinn 16. janúar s.l. Beri því

að dæma nefnt verkfall ólögmætt og gera Vélstjórafélagi Íslands að greiða sekt fyrir brot á áðurnefndri 16. gr. laga nr. 80/1938. Þetta verkfall vélstjóranna hafi valdið félagsmönnum Útvegsmannafélags Þorlákshafnar fjárhagslegu tjóni, þar sem róðrar hafi fallið niður af völdum þess, en þeir mundu ella hafa verið stundaðir, því að sjómenn á bátum nefndra aðilja hafi eigi verið í verkfalli. Auk þess hafi útvegsmenn þeir í Þorlákshöfn, er hér eiga hlut að máli, orðið að greiða sjómönnum sínum kauptryggingu fyrstu 7 daga verkfallsins vegna uppsagnarákvæða sjómannalaganna. Leiði hið ólögmæta verkfall Vélstjórafélags Íslands þannig til þess, að nefnt félag hafi felld á sig bótaskyldu gagnvart þeim félagsmönnum útvegsmannafélagsins, sem verkfallið bitnaði á.

Stefndi hefur borið það fyrir sig sér til sýknu í máli þessu, að Landssambandi íslenzkra útvegsmanna hafi borið að tilkynna öllum sambandsfélögum sínum verkfallsboðun Vélstjórafélags Íslands, þegar því barst áðurgreind verkfalls-tilkynning frá 8. janúar s.l., jafnvel þótt eitthvert þeirra væri vannefnt í henni, því að L.Í.Ú. hefði mátt vita, að verkfallsboðunin næði einnig til þeirra félaga, enda segði í 16. gr. laga nr. 80/1938, að tilkynna bæri vinnustöðvun þeim, sem hún beindist aðallega gegn. Hefði það því nægt Vélstjórafélagi Íslands til fullgildrar verkfallsboðunar gagnvart Útvegsmannafélagi Þorlákshafnar að haga verkfallstilkynningu sinni á þann hátt, sem það gerði. Væri og óvíst, að aðstaða nefnds útvegsmannafélags væri slík, að nokkurrar tilkynningar þyrfti með, til þess að verkfallið væri lögmætt gagnvart því. Af þessu leiddi, að vélstjórafélagið hefði eigi bakað sér neina bótaskyldu gagnvart útvegsmönnum í Þorlákshöfn, enda þótt hásetar þeirra væru eigi í verkfalli, og er því sérstaklega mótmælt af hálfu stefnda, að útvegsmenn hafi þurft að greiða hásetunum kauptryggingu í 7 daga vegna verkfallsins. Heldur stefndi því fram, að verkfall hans gagnvart Útvegsmannafélagi Þorlákshafnar sé í fullu samræmi við ákvæði laga nr. 80/1938 og eigi hann því að vera sýkn af öllum dómkröfum stefnanda í málinu.

Svo sem að framan greinir, eru ákveðin útvegsmannafélög

tilgreind í verkfallsboðun Vélstjórafélags Íslands frá 8. janúar þ. á., og segir beint í nefndri tilkynningu, að félagið hafi ákveðið að hefja verkfall allra meðlima félagsins á fiskiskipum, „sem gerð eru út af nefndum útvegsmannafélögum, frá og með miðnætti aðfaranótt 16. janúar 1969“. Útvegsmannafélag Þorlákshafnar var eigi meðal þeirra útvegsmannafélaga, sem tilgreind voru sérstaklega í verkfalls-tilkynningunni. Verður hún því, eins og málavöxtum er háttað, eigi metin gild gagnvart því félagi. Og með því að stefndi hefur ekki sýnt fram á, að nefnt útvegsmannafélag hafi fengið lögmæta verkfallsboðun með öðrum fullgildum hætti, ber að taka til greina þá kröfu stefnanda, að framan- greint verkfall verði dæmt ólögmætt gagnvart nefndu útvegsmannafélagi.

Með því að hefja þannig verkfall án undangenginnar tilkynningar samkvæmt 16. gr. laga nr. 80/1938, hefur Vélstjórafélag Íslands gerzt brotlegt við ákvæði nefndrar greinar, og ber að dæma það til greiðslu sektar í ríkissjóð, sem þykir hæfilega ákveðin kr. 7.000.00, sbr. 70. gr. nefndra laga.

Ágreiningslaust er í máli þessu, að hásetar á bátum félagsmanna í Útvegsmannafélagi Þorlákshafnar voru eigi í verkfalli, er framangreint verkfall Vélstjórafélags Íslands í Þorlákshöfn hófst. Má því gera ráð fyrir, að róðrar hafi fallið niður þar af völdum vélstjóraverkfallsins og útvegsmenn þar af þeim sökum orðið fyrir tjóni. Ber samkvæmt þessu að taka til greina þá kröfu stefnanda, að stefndi sé bóta-skyldur gagnvart félagsmönnum Útvegsmannafélags Þorlákshafnar fyrir tjóni af nefndu ólögmætu verkfalli Vélstjórafélags Íslands.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt, að stefndi greiði stefnanda kr. 8.000.00 í málskostnað.

Dómsorð:

1) Verkfall það, er Vélstjórafélag Íslands hóf hjá Útvegsmannafélagi Þorlákshafnar aðfaranótt 16. janúar þ. á., er ólögmætt.

2) Vélstjórafélag Íslands greiði kr. 7.000.00 sekt í ríkissjóð.

3) Stefndi, Farmanna- og fiskimannasamband Íslands f. h. Vélstjórafélags Íslands, er bótaskylt gagnvart stefnanda, Landssambandi íslenzkra útvegsmanna vegna Útvegsmannafélags Þorlákshafnar, vegna tjóns af framangreindu ólögmaetu verkfalli.

Stefndi greiði stefnanda kr. 8.000.00 í málskostnað.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá birtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 19. marz 1969.

Nr. 7/1968. **Alþýðusamband Íslands f. h. Verkalýðs-
félagsins Jökuls, Hornafirði, vegna skipverja
á m/b Akurey, SF 52,**

(Egill Sigurgeirsson hrl.)

gegn

**Landssambandi íslenzkra útvegsmanna f. h.
Útgerðarmannafélags Hornafjarðar og
Djúpavogs vegna Hauks Runólfssonar h/f
(Árni Halldórsson hrl.).**

Dómarar:

Hákon Guðmundsson, Gunnlaugur E. Briem, Einar Arnalds,
Einar B. Guðmundsson og Ragnar Ólafsson.

Skýrð ákvæði kjarasamnings um fiskverð til sjómanna.

Dómur.

Mál þetta er höfðað fyrir Félagsdómi með stefnu, dags. 11. desember f. á., af Alþýðusambandi Íslands f. h. Verkalýðsfélagsins Jökuls vegna skipverja á m/b Akurey gegn Landsambandi íslenzkra útvegsmanna f. h. Útvegsmannafélags Hornafjarðar og Djúpavogs vegna Hauks Runólfssonar h/f, Hornafirði, eiganda m/b Akureyjar, SF 52.

Stefnandi gerir þær dómkröfur, að dæmt verði, að stefnda, eiganda m/b Akureyjar, SF 52, sé skylt að greiða skipverj-